

**Nd.**

**118. Frumvarp til laga**

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 108 frá 31. des. 1972, um breyting á siglingalögum, nr. 66 1963.

Flm.: Eyjólfur Sigurðsson.

**1. gr.**

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist þannig:

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

**1. Dánarbætur:**

- a) 2 milljón króna við dauða, er greiðist nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

**2. Slysadagpeningar og örorkubætur:**

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema  $\frac{3}{4}$  þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 6 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Framangreindar upphæðir vegna dauðsfalls og örorku skulu umreiknaðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, einu sinni á ári, eins og Hagstofa Íslands gefur hana út, fyrst 1. desember 1975.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá inngreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Öllum er ljóst hið mikilsverða starf er íslenskir sjómenn leggja á sig fyrir þjóðina. Sjómannsstarfið er eitt hið allra hættulegasta sem stundað er, og á hverju ári farast því miður fleiri og færri íslenskir sjómenn við störf sín á hafinu.

Margir íslenskir sjómenn stunda störf allfjarri heimilum sínum og fara því þeir og fjölskyldur þeirra oft langtímum saman á mis við hið eiginlega fjölskyldulíf.

Það er því lágmarkskrafa þessara manna og fjölskyldna þeirra, að íslenskir sjómenn séu vel tryggðir gagnvart þeim slysum sem þeir geta orðið fyrir við sín hættulegu störf á hafinu.

Á verðbólgutímum er nauðsynlegt að upphæðir tryggingabóta séu endurskoðaðar minnst árlega, þannig að eigi sé hætt á, að verðbólgan rýri þær bætur sem greiddar eru hverju sinni.

Flutningsmaður mun gera nánari grein fyrir breytingunum í framsögu.